

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar hefur, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd bæjarins:

1. Að hámarkshraði á Krossanesbraut milli gatnamóta við Undirhlíð og Hlíðarbraut verði 30 km/klst.
2. Að sett verði gangbraut yfir Krossanesbraut til móts við Hulduholt auk þrenginga.
3. Að óheimilt verði að leggja ökutækjum sunnan og vestan megin í Goðanesi endilöngu.
4. Að bílastæði framan við Strandgötu 21 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.
5. Að bílastæði við Austurbrú 8 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.

Auglýsing þessi tekur gildi við birtingu.

F.h. Akureyrarbæjar, 9. maí 2023,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 9. maí 2023